

Við þurfum meira jafnvægi

LEIDARI

Ágætu mjólkurframleiðendur

Á síðastliðnum þremur árum hefur verið fjallað um mjólkurframleiðslu, birgðir mjólkurvara, umframmjólk, og skilaverð hennar, á nánast öllum stjórnarfundum Mjólkursamsölnunnar sem haldnir hafa verið. Þar hafa verið mjög skiptar skoðanir og jafnvel ágreiningur um þörfina á því magni sem við stjórnarmenn teljum að þurfi að framleiða árlega og einnig um það skilaverð sem greitt er fyrir mjólk umfram greiðslumark.

Mjólkurframleiðslan hefur aldrei verið jafn mikil og undanfarin ár. Á síðustu þrem árum hefur árleg framleiðsla verið á bilinu 146-151 milljón lítra. Það sama gildir fyrir 2018, og á síðastliðnum 12 mánuðum hefur mjólkurframleiðslan í fyrsta sinn farið yfir 155 milljónir lítra. Þegar horft er á mjólkina skipt upp í fitu og próteinhluta er á sama tíma fitusala ríflega 146 milljónir en próteinsala einungis rúmlega 131 milljón. Birgðastaðan er góð þannig að við höfum fullt svigrúm til að aðlagga framleiðslu að innanlandspörf.

Það er ljóst að það þarf að skapast betra jafnvægi milli framleiðslu mjólkur og þarfa innanlandsmarkaðar. Mismunur í sölu á fitu og próteini gefur okkur rými til að sinna núverandi útflutningi á skyri og einnig þó svo núverandi útflutningur myndi aukast verulega. Á hinn bóginn verður alltaf þörf á því að einstaka bændur sem geta og vilja framleiði umfram sitt greiðslumark, því alltaf eru einhverjir sem ná ekki að fylla kvótann og það kemur þá til útjöfnunar. Greiðslumark er áætlað út frá áætlaðri þörf innanlandsmarkaðar og birgðastöðu hverju sinni. Þá mjólk sem er framleidd umfram heildar greiðslumark og þörf innanlandsmarkaðar verður fyrirtækið að greiða fyrir það sem fyrir afurðirnar fæst í útflutningi og án þess að ganga nærri sínum fjárhag.

Það liggur fyrir að á síðustu þrem árum hefur mjólkurframleiðsla verið umtalsvert meiri en innanlandspörf og hefur það haft veruleg áhrif á rekstur Mjólkursamsölnunnar. Frá árslokum 2013 til miðs árs 2018 hafa skuldir Mjólkursamsölnunnar nær því tvöfaldast. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að eigendur félagsins hafi lagt því til nálega 1,5 milljarð króna í hlutafé og rekstrarstyrki auk hlutafjár aukningar í formi sérhæfðra fasteigna sem Auðhumla færði inn í Mjólkursamsölnuna um síðustu áramót.

Þessari þróun verður að snúa við og koma Mjólkursamsölnunni í betri fjárhagslegri stöðu en hún er nú í.

Það er einkum þrennt sem hefur orsakað þessa stöðu:

1. Opinber verðlagning hefur ekki virkað sem skildi. Verðlagsnefnd verðlagði nú í lok ágúst en þá hafði ekki verið verðlagt í 20 mánuði. Þetta hefur haft veruleg áhrif, sérstaklega þar sem t.d. laun og orka hafa hækkað mikið á sama tíma.
2. Misvægi á sölu fitu og próteins innan greiðslumarks. Það prótein sem útaf stendur hefur verið selt úr landi sem duft og undanrennuostur með miklu tapi.
3. Verðlagning á umframmjólk. Umframmjólk hefur verið keypt á hærra verði miðað við það sem hefur fengist fyrir hana í útflutningi.

Við sem sitjum í stjórn Mjólkursamsölnunnar og Auðhumlu höfum ekki vald yfir öllum þessum þáttum, en ég tel það skyldu okkar sem lýðræðislega kjörnir fulltrúar kúabænda í þessum stjórnnum að gæta að rekstri þessara félaga og taka á þeim þáttum sem við ráðum við ásamt

því að starfa eftir því kerfi sem er við lýði hverju sinni. Á næsta ári fer fram endurskoðun búvörusamninga. Þar gefst bændum kostur á tvennu, í fyrsta lagi að kjósa um framtíð framleiðslustýringar og greiðslumarks, og í öðru lagi um breytt fyrirkomulag á ríkisstuðningnum. Þar er tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri og hver sem niðurstaðan verður um fyrirkomulag okkar kerfis þá mun Mjólkursamsalan að sjálfsögðu starfa eftir því.

Eins og áður sagði hefur nú nýlega verið verðlagt og gerum við okkur vonir um að það lagi stöðuna að einhverju leiti. T.d. minnkar þar með tap af smjör sölu þó það sé ennþá selt undir hræfniskostnaði.

Efnahallinn er eitthvað sem er og þarf að vera í stöðugri skoðun og er þegar verið að vinna í ágætum tillögum sem fram hafa komið t.d. frá SAM.

Verð sem greitt er fyrir umframmjólk hefur verið lækkað og greiðir Mjólkursamsalan nú 30 kr. á lítra. Þetta er í stöðugri skoðun, en endanleg niðurstaða sést ekki fyrr en árið er liðið og uppgjör fer fram.

Einnig má bæta við að væntingar eru til þess að vinna sem nú er í gangi við skoðun á rekstri Mjólkursamsölnunnar leiði til lækkunar á rekstrarkostnaði.

Þessi og fleiri mál gefst bændum tækifæri á að ræða við okkur stjórnarformenn Mjólkursamsölnunnar og Auðhumlu á fundum sem við hyggjum á þegar líður á haustið. Það verður nánar kynnt síðar.

Með bestu kveðju

Elin M. Stefánsdóttir
stjórnarformaður Mjólkursamsölnunnar



Ný pökkunarvél

Mikil aukning hefur orðið á vörum sem fara í fötur og á Selfossi er nýbúið að setja upp nýja pökkunarvél fyrir 1, 5 og 10 kílóa fötur. Nú er því hægt að pakka sýrðum rjóma, grískri jógúrt, sósugrunni, skyri, boost skyri og að sjálfsögðu Ísey skyri í stærra einingar.


Myndin var tekin við uppsetningu vélarinnar.



Framleiðsla mjólkur 2018

FRAMLEIÐSLUSVIÐ

Staða mjólkurframleiðslunnar, nú um miðjan septem-ber 2018, er sú að hún hefur dregist saman og færst nær framleiðslu ársins 2016. Á því ári nam samanlögð mjólkurframleiðsla um 151 milljón ltr. Haldi fram sem horfir fram til áramóta 2018/2019, má búast við því að mjólkurframleiðslan verði kringum 152 millj. ltr á árinu. Þess má geta að sala mjólkur sl. 12 mánuði nam um 146 millj. ltr á fitugrunni og 131 á próteingrunni. Mjólkurframleiðsla síðustu 12 mánuði, september 2017 – ágúst 2018, var um 155 millj. lítra.



Yfirlit 1. Vikuleg innvigtun mjólkur 2016, 2017 og 2018.

Sala mjólkur og útlutningur

Í yfirliti 2 má sjá innvigtun og umreiknaða ráðstöfun mjólkur í ágúst 2018 og einnig ráðstöfun á 12 mánaða grunni – þ.e. september 2017 – ágúst 2018. Á þessu tímabili nam umreiknuð sala mjólkur um 131 milljónum lítra á próteingrunni og hefur því dregist saman um -1,0% s.l. 12 mánuði. Umreiknuð sala á fitugrunni var 146 milljónir lítra. og jókst um 0,97% á sama tíma. Innvigtun mjólkur á þessu viðmiðunartímabili nam 155 milljónum lítrum. Framleiðsla umfram sölu á tímabilinu var því um 23,7 milljónir lítra á próteingrunni og um 8,8 milljónir lítra á fitugrunni. Útlutningur á mjólk m.v. prótein nam 24,5 millj. ltr, en útlutningur á fitugrunni nam um 7,3 millj. lítrum.

Birgðir mjólkurvara


Yfirlit 3 – 5 sýna birgðapróun helstu flokka mjólkurvara 2018.

Í yfirlitum kemur fram að smjörbirgðir eru hærrí í septem-ber 2018 en á sama tíma síðasta árs. Ostabirgðir eru innan þeirra viðmiðana sem stefnt er að hverju sinni og aldurssamsetning ostabirgðanna því í góðri stöðu. Samanlagðar mjólkurduftsbirgðir eru svipaðar og á sama tíma síðasta árs og í góðu jafnvægi. Það sem af er þessa árs hefur reynst öruggt að ná að flytja út mjólkurvörur eins og duft, osta og smjör, og hefur mikil framleiðsla og há birgðastaða mjólkurvara innan ESB og USA áhrif þar á.


Pálmi Vilhjálmsson
framkvæmdastjóri framleiðslusviðs

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr. og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	ágúst mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	31.255.398	30.785.410	29.411.495	-0,98	-9,63	-9,10
Innvegin mjólk	12.438.053	39.313.463	154.969.093	-1,17	1,20	4,12
Seldar afurðir	12.213.461	34.296.503	131.279.146	0,91	-0,95	-1,00
Útlutningur	2.826.901	7.227.779	24.498.146	64,66	-7,94	33,36
Birgðir í lok	28.588.473	28.588.473	28.588.473	-2,80	-2,80	-2,80
Mismunur	64.616	-13.882	14.823	-92,97	-101,36	-98,15
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	28.069.130	27.359.575	24.575.547	8,92	4,10	-21,66
Innvegin mjólk	12.438.053	39.313.463	154.969.093	-1,17	1,20	4,12
Seldar afurðir	13.907.306	38.098.087	146.133.334	6,61	1,05	0,97
Útlutningur	1.117.569	2.670.619	7.373.930	3.831,23	1,02	-15,06
Birgðir í lok	25.800.245	25.800.245	25.800.245	4,98	4,98	4,98
Mismunur	-317.937	104.087	237.131	-144,98	-46,52	-89,30


Yfirlit 2. Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. ágúst 2018.



Yfirlit 3 Vikupróun smjörbirgða 2017 – 2018



Yfirlit 4 Vikupróun ostabirgða 2018 (Gouda 26% og 17%).



Yfirlit 5 Vikupróun birgða á mjólkurdufti 2017 - 2018.

Afnema þarf þessa vitleysu

FRÉTTIR

Jón Steinar Gunnlaugsson fyrrverandi Hæstaréttardómari skrifaði grein í Morgunblaðið í síðasta mánuði um heimild Samkeppniseftirlitsins til þess að fara með niðurstöður áfrýjunarnefndar samkeppnismála fyrir dómstóla. Jón Steinar segir að þetta lagaákvæði, sem kom inn í samkeppnislög 2011, sé óeðlilegt og vinni gegn réttaröryggi. Lægra stjórnvald hafi enga hagsmuni í málum gagnvart ákvörðun æðra stjórnvalds. Líkir hann heimildinni við það ef embættismaður í ráðuneyti fengi heimild til að bera undir dóm þær ákvarðanir ráðherra sem honum líkaði ekki. Enn fremur segir Jón Steinar: „Tíðarandinn krefst aukins réttaröryggis fyrir borgara gegn sívaxandi afskiptasemi stjórnvalda. Það gæti orðið rós í hnappgat ríkisstjórnar að afnema þessa vitleysu sem er byggð á þeirri ranghugsun að stjórnvöld geti haft hagsmuni af því að beita borgara meiri áreitni heldur en æðra stjórnvald hefur talið réttmæta.“

Áfrýjunarnefnd Samkeppnismála komst að þeirri niðurstöðu árið 2016 að framkvæmd samstarfs MS og KS væri ekki ómálefnaleg og ógilti því ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í málinu. Langdregnu máli Samkeppniseftirlitsins gegn MS sem hófst árið 2013 væri því lokið ef þessi lagabreyting hefði ekki verið gerð árið 2011, en mun þess í stað halda áfram næstu árin með tilheyrandi kostnaði.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir, verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum



Samkeppniseftirlitið lagði til stórfelldan samdrátt í íslenskri mjólkurframleiðslu

FRÉTTIR

Árið 2006 sendi Samkeppniseftirlitið frá sér álit nr. 1/2006 - Þar beindi stofnunin meðal annars þessum tilmælum til landbúnaðarráðherra: „1. Ráðherra beiti sér fyrir því að afnema verð- og magnþolla á mjólkurdufti í því skyni að greiða fyrir samkeppni í mjólkuriðnaði.“ Því er eðlilegt að spyrja: Hver hefði verið raunin ef ráðherra hefði farið eftir þessu áliti stofnunarinnar?

Engin vandkvæði eru á því að framleiða nánast allar mjólkurvörur úr mjólkurdufti. Óheftur innflutningur á dufti með þeim hætti sem stofnunin lagði til hefði þannig samsvarað því að verð á „samkeppismjólk“ hér á markaði í dag væri um 50-55 kr. á lítra eftir því hvort mjólkurduftið til framleiðslunnar hefði verið keypt í Evrópu eða Bandaríkjunum, samanborið við núgildandi lágmarksverð innan greiðslumarks, 90,48 kr. á lítra.

Tillagan í raunveruleikanum hefði því án nokkurs vafa leitt til stórkostlegs samdráttar í íslenskri mjólkurframleiðslu. Þar sem margar vörur úr íslenskri mjólk stæðust illa verðsamanburð við framleiðslu úr þessu innflutta mjólkurhræfni. Það er mikil gæfa að ekki var farið

að þessu áliti Samkeppniseftirlitsins, sem vonandi lýsir vanþekkingu á aðstæðum í mjólkuriðnaði, frekar en meðvitaðri afstöðu gegn mjólkurframleiðslu á Íslandi.

Hefði verið ógæfuför

Tæpum áratug síðar eða árið 2015 gaf Samkeppniseftirlitið út skýrslu „Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði - Staða samkeppninnar 2015“. Harmaði stofnunin þar að stjórnvöld hefðu látið undir höfuð leggjast að taka tillit til leiðbeininga og tilmæla samkeppniseftirlitsins þar með talið í landbúnaði og ekki hafi verið dregið úr aðgangshindrunum t.d. í formi innflutningsverndar.

Pakka má fyrir þá skynsemi lýðræðislega kjörinna stjórnvalda, að hafa ekki fylgt þessum glapræðistillögum Samkeppniseftirlitsins, í því sem hefði verið mikil ógæfuför fyrir landbúnað á Íslandi og leitt til stórkostlegs samdráttar í íslenskri mjólkurframleiðslu með tilheyrandi hremmingum fyrir hundruð fjölskyldna og mörg byggðarlög.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir, verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum

Ísey skyr bakhjarl kokkalandslíðsins

Ísey skyr skrifaði í vor undir bakhjarlasamning við íslenska Kokkalandslíðið. Kokkalandslíðið er skipað færasta matreiðslufólki landsins og fram undan er sjálf Heimsmeistarakeppnin í matreiðslu sem haldin verður í Lúxemborg í lok nóvember. Líðið leggur mikla áherslu á sérvalið íslenskt gæða hræfni og mun líðið á næstu vikum ljúka þróun á keppnisréttum sínum þar sem íslenskur þorskur, íslenskt lambakjöt og Ísey skyr verða í aðalhlutverkum. Mjólkursamsalan er stoltur styrktaraðili íslenska Kokkalandslíðsins og óskar hópnum góðs gengis við undirbúninginn fram að keppni.

Guðný Steinsdóttir markaðsstjóri



Unnið að jafnlaunavottun

FRÉTTIR

Ný ákvæði í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla tóku gildi um síðustu áramót og ber fyrirtækjum með fleiri en 25 starfsmenn að fá jafnlaunavottun. Fyrirtæki hafa frest til þess að öðlast vottun eftir starfsmannafjölda en fyrirtæki með 250 starfsmenn eða fleiri þurfa að hafa öðlast vottun eigi síðar en 31. desember 2018. Staðlinum er ætlað að fyrirbyggja beina og óbeina mismunun vegna kyns. Frá því í apríl sl. hefur verið unnið að því að fá jafnlaunavottun fyrir Mjólkursamsölu.



Við höfum unnið markvisst að því að ná vottuninni fyrir tilsettan tíma og lítum á þetta sem mikilvægt verkefni. Við væntum þess að þetta geri góðan vinnustað enn betri. Vottunarferlið er mikið verk og lærdómsríkt en ánægjulegt hvað við á þessum tímamarki í ferlinu sjáum ekki mikinn mun birtast í launum milli kynjanna innan Mjólkursamsölu.



Mjólkursamsalan er að jafnaði með 400-450 starfsmenn eftir árstíðum og er mikið verk að greina störf og vinna aðra vinnu til að uppfylla staðalinn. Attentus þjónusta og ráðgjöf hefur verið fyrirtækinu innan handar í ferlinu sem áætlað er að ljúka fyrir áramót. Í heildina þurfa tæplega 1.200 fyrirtæki og stofnanir að hljóta vottunina fyrir lok árs 2021 en 142 fyrirtæki þurfa að öðlast vottun fyrir árslok 2018 þar á meðal Mjólkursamsalan.



Einar Einarsson
rekstrarstjóri MS.

Fossvogshlaup Hleðslu

FRÉTTIR

Fossvogshlaup Hleðslu er orðinn fastur liður meðal margra hlaupara og hefur verið valið eitt af vinsælustu götuhlaupum landsins síðustu ár. Fossvogshlaup Hleðslu fór að þessu sinni fram fimmtudaginn 23. ágúst en um var að ræða einstaklega skemmtilegt hlaup sem hentaði jafnt byrjendum sem lengra komnum. Til að kynna hlaupið fékk MS til liðs við sig Arnar Pétursson Íslandsmeistara en hann er jafnframt meðlimur í sérstökum afreks hópi Hleðslu. Hlaupið var vel kynnt í

hlaupasamfélaginu og á samfélagsmiðlum og er gaman að segja frá því að þátttökumet var slegið í ár, en 532 keppendur tóku þátt.

Hleðsluhlaupið er einn liður í því að kynna Hleðslu fyrir íþróttafólki og öllum þeim sem hafa áhuga á hreyfingu og hollu mataræði.

Guðný Steinsdóttir
markaðsstjóri



Thise í Danmörku 30 ára

FRÉTTIR

Samstarfsaðili MS í Danmörku, Thise mejeri, átti 30 ára afmæli á dögnum og bauð til fagnaðar af því tilefni. Nokkrir starfsmenn Mjólkursamsölnnar og ÍSEY Export ehf. fóru utan til að heiðra samkomuna og var þeim, ásamt öðrum erlendum samstarfsaðilum, boðið til kvöldverðar á Sallingsund Færgeski.

Daginn eftir voru svo aðalháttíðahöldin í risastóru tjaldi við mjólkurbúíð í Thise. Ekki veitti af að tjalda yfir hátíðargesti þar sem það rigndi hressilega meðan á veislunni stóð. Við þetta tækifæri flutti Ari Edwald stutta tölu og færði Poul Pedersen forstjóra Thise olíumálverk af náttúru Íslands eftir listakonuna Auði Marínósdóttur.

MS og Thise hafa átt í samstarfi um skyrframleiðslu frá árinu 2006. Thise er fyrsta erlenda fyrirtækið sem gerði framleiðsluleyfisamning við MS til skyrframleiðslu. Nokkrum árum síðar útvíkkuðu fyrirtækin samstarf sitt með því að Thise hóf framleiðslu á skyri fyrir MS á Finnlandsmarkað sem var í miklum vexti á þeim tíma. Síðan hafa fleiri lönd bæst við, m.a. Benelux löndin og Bretland á þessu ári.

Björn S Gunnarsson
vöruþróunarstjóri



Mjólkursamsalan á Landbúnaðarsýningunni

FRÉTTIR

Landbúnaðarsýning verður haldin 12.-14. október í Laugardalshöllinni og verður Mjólkursamsalan að sjálfsögðu með kynningarbás. Í básnum mun gestum gefast tækifæri á að kynna sér fjölbreytt vöruúrval fyrirtækisins, gæða sér á ljúffengum Dala- og Óðalsostum, smakka bakaðar ostakökur, velja næstu bragðtegund fyrir Ísey skyr og taka þátt í einföldum lukkuleik svo eitthvað sé nefnt. Starfsmenn Mjólkursamsölnnar verða vitaskuld á staðnum, tilbúnir að miðla þekkingu sinni til áhugasamra gesta og gefa þeim innsýn inn í fjölbreytt störf sem unnin eru hjá fyrirtækinu.

Talsverð áhersla verður á ostana frá MS í básnum en á undanförunum árum hefur mikil vinna verið lögð í vöruþróun og markaðsstarf í ostunum. Meðal annars hafa verið byggð upp ný vörumerki: Dalaostar,

Góðostur og Óðalsostar. Mikið er unnið með Dalaosta og Óðalsosta á samfélagsmiðlum og í kynningum fyrirtækisins meðal neytenda og ljóst að þessir ostar eiga sér marga aðdáendur. Ýmsar nýjungar hafa verið kynntar á síðastliðnum árum og má þar nefna Dala Auði og Ljót, Óðals Tind, Óðals Jarl og Óðals Havartí pipar auk þess sem nýjar umbúðir hafa litið dagsins ljós. Á sýningunni munu starfsmenn MS fræða gesti um Dala- og Óðalsosta, kenna viðstöddum hvaða meðlæti passar best með ostunum og hvernig hægt sé að útbúa fallega og girnilega ostabakka. Vonir standa til að sýningin verði vel sótt og verði fyrirtækinu og öðrum sem að sýningunni standa til sóma.

Guðný Steinsdóttir
markaðsstjóri



Mjólkurbikarinn

FRÉTTIR

Nú í vor gerðist MS kostandi að bikarkeppni KSÍ og heitir keppnin nú aftur Mjólkurbikarinn. Keppnin í Mjólkurbikarnum hefur gengið vel í sumar og var keppt til úrslita í kvennaflokki um miðjan ágúst og 15. september síðastliðinn í karlaflokki. Í báðum úrslitaleikjum áttust við Breiðablik og Stjarnan og fór svo að Breiðablik vann Mjólkurbikar kvenna og Stjarnan vann Mjólkurbikar karla. Mjólkurbikarinn vekur athygli á mjólkinni á jákvæðan og skemmtilegan hátt og hefur fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum auk þess sem Mjólkurbikarinn og mjólkín hafa verið áberandi á samfélagsmiðlum.

Guðný Steinsdóttir
markaðsstjóri



Góðostur í nestið

Partur af markaðssetningu á ostum og öðrum mjólkurvörum er að gefa neytendum hugmyndir að notkun varanna. Góðostur og aðrir ostar eru ómissandi á brauð en þar sem brauðneysla er að dragast saman er nauðsynlegt að gefa neytendum hugmyndir að annarri notkun á ostum. Því var sett í gang verkefnið Ostanesti. Þar eru fjölskyldum gefnar skemmtilegar hugmyndir að Góðosti sem hluta af hollu nesti, bæði skólanesti og nesti þegar farið í fjallgöngur, á skíði og slíkt. Myndbönd sem sýna Góðost sem hluta af hollu nesti verður dreift á samfélagsmiðlum og í auglýsingum.

Guðný Steinsdóttir
markaðsstjóri

Plastlaus september – Hverju hefur MS breytt?

Plastlaus september er árvekiátak sem ætlað er að vekja fólk til umhugsunar um ofgnótt og skaðsemi plasts í umhverfinu og benda á leiðir til að draga úr notkun á einnota plasti. - MS hefur samkvæmt umhverfisstefnu sinni unnið að breyttum umbúðum til þess að lágmarka aðfanganotkun í starfseminni. Plast er áfram nauðsynlegt og fyrirsjáanlegt að það verði áfram notað þar sem það dregur meðal annars úr matarsóun en mikilvægt er að huga líka að endurvinnslu umbúðanna. Hérna má lesa samantekt um nokkur atriði sem hefur verið breytt hjá MS til að draga úr notkun plasts þar sem hægt er og hvetja almenning til endurvinnslu.

- Mjólk er komin í fernur með 66% minna kolefnaspor en áður – MS er fyrsta fyrirtæki sinnar tegundar í heimi sem setur alla fersk mjólk í þessar umbúðir sem eru þær umhverfisvænstu sem völ er á fyrir drykkjarmjólk. Pappinn er úr ábyrgri skógrækt og tappinn er unnin úr sykurreyr en ekki olíu. Sjá nánar hérna: www.ms.is/endurvinnsla
- Engir drykkir eru lengur fánlegir í plastdósum hjá MS.
- Rörið var tekið af G-mjólk sem minnkar plastnotkun.
- Hvatningarátak til neytenda að setja fernur í endurvinnslu. Myndband sem sýnir hvernig hægt er að brjóta saman fernuna var skoðað yfir 50 þúsund sinnum og ráðstefna þar sem skilaboð samstarfsaðila okkar frá Tetra Pak var „...tómur umbúðir eru ekki rusl heldur efniviður til að framleiða nýjar umbúðir“



Neytendur hafa tekið vel í þessar breytingar og samkvæmt könnun Gallup tóku 64% neytenda eftir nýjum umhverfisvænni fernum og 87% af þeim var jákvæður gagnvart þeim.

Mjólkursamsalan reynir einnig að minnka notkun ytri umbúða og lágmarka aðfanganotkun. Fyrirtækið notar kerrur og grindur til þess að flytja vörur til verslana og fjölnota kassa fyrir ost til stórnotenda. Þá eru plastbakkarnir sem skyrinu er raðað í framleiddir úr endurunnu plasti, þeim er safnað saman af verslunum og skilað aftur til endurnýtingar.

Hægt er að lesa meira um umhverfisstefnu MS hérna: www.ms.is/um-ms/stefna-ms/umhverfisstefna

Sunna Gunnars Marteinsdóttir
verkefnastjóri í upplýsinga- og fræðslumálum